

Mál nr. 185/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss af völdum háлку á sundlaugarsvæði.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3.5.2021, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 6.7.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13. maí 2019 varð M fyrir meiðslum er hún rann til og datt þegar hún var að stíga upp úr sundlaug A sem rekin er af B. Í málskoti er atvikin lýst svo sem að M hafi verið í sundi í A. Hún hafi verið að stíga upp úr lauginni og um leið og hún hafi reist sig upp til að ganga af stað þá hafi verið eins og hún lenti á hálkubletti með þeim afleiðingum að fóturinn rann aftur og hnéð skall í bakkann. Var M flutt með sjúkrabíl á Landspítala. Lenti M illa og hnéskelsbrotnaði. M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir úr ábyrgðartryggingu B hjá V á grundvelli saknæmrar vanrækslu á skyldum til hálkuvarna og varúðarmerkingu sem eru á ábyrgð B, auk þess sem síðar hafi verið skipt um gólfefni sem notað var í kringum laugina vegna fjölda hálkuslysa.

V hefur hafnað bótaskyldu. Byggir V synjun sína á því að M hafi stigið upp úr lauginni á stað þar sem ekki er ætlast til að fólk fari upp úr lauginni í stað þess að nota tröppur. Þá hafi gólfefnið verið notað víða og það að A hafi ákveðið að bera frekara hálkuvarnarefni á allan bakkanna feli ekki í sér viðurkenningu á bótaskyldu. Þá hafi starfsmenn sundlaugarinnar sett upp viðvörunarmerki vegna háлку og gert aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir háлку á bökkum laugarinnar. Einnig hafi verið til merkingar sem vöruðu við háлку, bæði á bakkanum þar sem M datt við sem og áður en haldið er til laugar. Þá vísar V til þess að M gæti ekki hafa dulist að gólf geti verið blaut í sundlaugum og M hafi ekki sýnt fram á að gólfíð á umræddum stað hafi verið hálld en vænta megi á sundlaugarbökkum. Þá hafi M verið mjög kunnug aðstæðum og vissi vel af aðstæðum í sundlauginni.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu B eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Af gögnum málsins er ljóst að M steig upp úr lauginni en notaði ekki þar til gerðar tröppur. Þá liggur fyrir að á sundlaugarbökkum voru merkingar og viðvörunarmerki sem vöruðu við háлку á bökkum laugarinnar. Í málinu liggja engin gögn, s.s. frá heilbrigðiseftirliti, sem sýna að öryggismerkingar eða það eldra gólfefni, sem var á sundlaugarbakka á tjónsdegi, uppfylltu ekki kröfur eftirlitsaðila. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að aðbúnaður sundlaugarinnar hafi verið í samræmi við gildandi lög á reglur á þeim tíma þegar tjónið var. Þá liggur ekki annað fyrir en að M hafi ekki nýtt sér þar til gerða gönguleið og varað var við háлку á sundlaugarbökkum með merkingum og viðvörunarmerkjum.

Af því leiðir að ekki verður séð að atvikið megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi B, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem B ber ábyrgð á. Hér virðist því um að vera samspil óhappatilviks og eigin óaðgæslu. M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann T. Sigurðsson lögm.